



Umhverfisnefnd Alþingis  
Nefndasvið / Hlín Lilja Sigfúsdóttir  
150 Reykjavík

29. nóvember 2005

**Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og lög um mat á umhverfisáhrifum, ~~21. mál.~~ 11. mál.**

Vísað er í bréf Alþingis dagsett 15. nóvember 2005.

Stjórn Landverndar, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtaka Íslands, tekur efnislega undir framangreint frumvarp. Frumvarpið er í samræmi við ákvæði Ársósasamningsins sem íslensk stjórnvöld skrifuðu undir árið 1998 þess efnis að tryggja beri almenningi aðgang að upplýsingum, þátttöku í ákvörðunum og réttláta málsmeðferð í umhverfismálum.

Sú hefð hefur skapast í íslensku réttarfari, þ.m.t. umhverfisrétti, að skilgreina aðild að málum afar þröngt og miða hana við einstaklega og lögvarða hagsmuni. Þetta er gert þrátt fyrir að almennt sé viðurkennt að mengun og náttúruspjöll virða hvorki landamæri né mörk eignarlanda. Sú þrönga skilgreining á málsaðild sem miðað er við í íslenskum rétti, þ.m.t. umhverfisrétti, hefur takmarkað möguleika almennings og félagasamtaka til að láta til sín taka í umhverfis- og náttúruvernd. Í fjölmörgum löndum hafa verið innleidd sérstök ákvæði sem tryggja eiga víðari aðild í umhverfismálum en öðrum málum þar sem umhverfismál ná út yfir mörk eignarhalds og landamæra. Það er því löngu tímabært að ákvæði af þessu tagi verði innleidd í íslenskan rétt.

Nái frumvarpið fram að ganga verður opnað með víðtækari hætti en áður fyrir aðild almennings og félagasamtaka að málum er varðar hollustuhætti og mengunarvarnir og mat á umhverfisáhrifum. Stjórn Landverndar telur þetta mikilvæga réttarbót. Stjórnin telur jafnframt að enn frekari réttarbóta sé þörf en fram koma í frumvarpinu. Innleiða þarf tilsvarendi ákvæði í lög um náttúruvernd og skipulags- og byggingarlög, en þessi lög skipta miklu máli í allri umfjöllun um umhverfis- og náttúruvernd. Nýleg afskipti Landverndar að breytingum á skipulagi í Garðabæ undirstrika þörfina fyrir breytingar. Svæðið sem til umfjöllunar var naut bæjarverndar, það var skráð á náttúruminjaskrá og féll undir 37. gr. náttúruverndarlaga. Þar sem stjórn Landverndar taldi að yfirvöld í Garðabæ hefðu ekki farið að náttúruverndarlögum við umfjöllun um málið var send stjórnarsýslukæru til Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála. Úrskurðarnefndin vísaði erindi Landverndar frá án efnislegrar afgreiðslu þar sem nefndin taldi að Landvernd gæti ekki sýnt fram á aðild að málinu. Þetta er að sjálfsögðu ekki í samræmi við ákvæði Ársósarsamningsins. Þessu þarf Alþingi nauðsynlega að breyta.

Virðingarfyllst,

  
Tryggvi Felixson framkvæmdastjóri Landverndar

Umhverfisnefnd Alþingis  
Nefndasvið / Hlín Lilja Sigfúsdóttir  
150 Reykjavík

29. nóvember 2005

**Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og lög um mat á umhverfisáhrifum, 221. mál. 11. maí**

Vísað er í bréf Alþingis dagsett 15. nóvember 2005.

Stjórn Landverndar, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtaka Íslands, tekur efnislega undir framangreint frumvarp. Frumvarpið er í samræmi við ákvæði Ársósasamningsins sem íslensk stjórnvöld skrifuðu undir árið 1998 þess efnis að tryggja beri almenningi aðgang að upplýsingum, þátttöku í ákvörðunum og réttláta málsmeðferð í umhverfismálum.

Sú hefð hefur skapast í íslensku réttarhari, þ.m.t. umhverfisrétti, að skilgreina aðild að málum afar þröngt og miða hana við einstaklega og lögvarða hagsmuni. Þetta er gert þrátt fyrir að almennt sé viðurkennt að mengun og náttúruspjöll virða hvorki landamæri né mörk eignarlanda. Sú þrönga skilgreining á málsaðild sem miðað er við í íslenskum rétti, þ.m.t. umhverfisrétti, hefur takmarkað möguleika almennings og félagasamtaka til að láta til sín taka í umhverfis- og náttúruvernd. Í fjölmörgum löndum hafa verið innleidd sérstök ákvæði sem tryggja eiga víðari aðild í umhverfismálum en öðrum málum þar sem umhverfismál ná út yfir mörk eignarhalds og landamæra. Það er því löngu tímabært að ákvæði af þessu tagi verði innleidd í íslenskan rétt.

Nái frumvarpið fram að ganga verður opnað með víðtækari hætti en áður fyrir aðild almennings og félagasamtaka að málum er varðar hollustuhætti og mengunarvarnir og mat á umhverfisáhrifum. Stjórn Landverndar telur þetta mikilvæga réttarbót. Stjórnin telur jafnframt að enn frekari réttarbóta sé þörf en fram koma í frumvarpinu. Innleiða þarf tilsvarendi ákvæði í lög um náttúruvernd og skipulags- og byggingarlög, en þessi lög skipta miklu máli í allri umfjöllun um umhverfis- og náttúruvernd. Nýleg afskipti Landverndar að breytingum á skipulagi í Garðabæ undirstrika þörfina fyrir breytingar. Svæðið sem til umfjöllunar var naut bæjarverndar, það var skráð á náttúruminjaskrá og féll undir 37. gr. náttúruverndarlaga. Þar sem stjórn Landverndar taldi að yfirvöld í Garðabæ hefðu ekki farið að náttúruverndarlögum við umfjöllun um málið var send stjórnarsýslukæru til Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála. Úrskurðarnefndin vísaði erindi Landverndar frá án efnislegrar afgreiðslu þar sem nefndin taldi að Landvernd gæti ekki sýnt fram á aðild að málinu. Þetta er að sjálfsögðu ekki í samræmi við ákvæði Ársósarsamningsins. Þessu þarf Alþingi nauðsynlega að breyta.

Virðingarfyllst,



Tryggvi Felixson framkvæmdastjóri Landverndar